

Re: Beiðni um umsögn við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1

Búið til	1.2.2023 16:34:57
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	1.2.2023 16:34:54
Tilheyrir	202212-0030 - Umsögn við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1

Efni

Re: Beiðni um umsögn við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	1.2.2023 16:34:54	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	atli@thingeyjarsveit.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202212-0030 (SS).

Vísað er í tölvupóst frá skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar, dags. 19. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1.

Breytingin felur fyrst og fremst í sér afmörkun á nýrri lóð fyrir frístundahús innan lóðar Bjarkar. Þá er áfram gert ráð fyrir nýrri aðkomuleið frá Þjóðvegi sem er í gildandi deiliskipulagi en hefur ekki verið framkvæmd en leiðinni er breytt lítilega í tillögunni. Einnig er skilgreindur lítill byggingarreitur sunnan aðkomuleiðarinnar fyrir lítið starfsmannahús.

Öll áformin munu fela í sér rask á eldhrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd sem og birkikjarri sem vex í hrauninu. Aukning hefur verið á byggingarmagni í nágrenni Voga og hefur sú uppbygging þegar valdið töluverðu raski á hrauni og birkikjarri. Náttúrufræðistofnun telur að gæta þurfi hófsemi í uppbyggingu sem veldur raski á vernduðum náttúruminum og sem eykur umferð og álag á lífríkis Mývatns en vatnið er í mjög stuttri fjarlægð frá áformuðum byggingum þó Mývatnssveitarvegur skilji þar á milli. Taka þarf tillit til þolmarka viðkvæmrar náttúru svæðisins sem jafnframt er í jaðri Verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði verið heppilegra að sleppa nýjum aðkomuvegi og nota frekar einfalda tengingu við núverandi veg sem liggur framhjá Vogum 1 og að Björk 3 og Kotasælu. Þannig hefði mátt sleppa að raska stærra svæði. Vissulega er rétt eins og kemur fram í greinargerð að lega vegarins hefur verið valin til að hlífa sem mest hrauni og birkikjarri, en engu að síður hefðu aðrar útfærslur getað leitt til mun styttri aðkomuvegar með minna raski í heild sinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Atli Steinn Sveinbjörnsson" <atli@thingeyjarsveit.is>

To: "elin" <elin@grimur.is>; "issi_is@hotmail.com" <issi_is@hotmail.com>; "daddi@mmedia.is" <daddi@mmedia.is>; "hermannk@simnet.is" <hermannk@simnet.is>; "Ólöf Hallgrímsdóttir - Vogafjos" <olof@vogafjos.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Axel Benediktsson" <axel.benediktsson@umhverfisstofnun.is>; "Árni Einarsson - NVM" <arnie@hi.is>; "Skógræktin - SR" <Skogur@skogur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Jóhannes Haukur Hauksson" <johannes.haukur@hne.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Rúna Ásmundsdóttir - VG" <runa.asmundsdottir@vegagerdin.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Voga 1

Date: 19.12.2022 13:43:46

Góðan dag,

Skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar bókaði á fundi sínum 14. desember s.l. að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Voga 1 skildi auglýst skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsáformin fela í sér afmörkun lóðar og byggingarreits fyrir frístundahús og færslu þjónustuhúss vegna gístireksturs. Að auki er fyrirhuguðum aðkomuvegi frá Mývatnssveitarvegi hliðarað til.

Frestur til að gera athugasemdir við áformin er gefinn til föstudagsins 3. febrúar 2023.

Atli Steinn Sveinbjörnsson

Skipulagsfulltrúi

Þingeyjarsveit

Sími/Tel. (+354) 464 6664

atli@thingeyjarsveit.is (<mailto:atli@thingeyjarsveit.is>)

Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.skutustadahreppur.is%2Fv%2F19465&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cadab7308b2ba462796f808dae1c6fb74%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638070542263650647%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEkaWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=LLxYQYLXI7eYoVvNpI2uqER4pER%2FrJRFIsWsj1Hadpc%3D&reserved=0>)

